



---

Kópavogur 2. apríl 2019

**Efni: Sóltún, hús Ísfirðingafélagsins á Ísafirði - Skíðasafn.  
Jóna Símónía Bjarnadóttir  
Jón Sigurpálsson**

Komið þið sæl,

Ég undirritaður formaður Ísfirðingafélagsins leita til ykkar fyrir hönd stjórnar félagsins vegna fyrirspurna sem mér hafa borist varðandi hvort hugsanlegt sé að setja upp skíðasafn í Sóltúnum húsi félagsins á Ísafirði.

Þetta er svo sem ekki ný hugmynd og hefur m.a. verið tengd við að upphaf fyrstu skíðavikunnar hafi verið við Sóltún þar sem fólk safnaðist saman, fékk lánuð skíði og fór síðan í bílalest upp á Seljalandsdal.

Nú er spurning hvort húsið sé hentugt fyrir skíðasafn, þeirri spurningu þarf að svara áður en ráðist yrði í verkefnið. Síðan er spurning hvor Byggðasafnið og bæjaryfirvöld kæmu hugsanlega að slíku safni, hugsanlega yrði stofnað félag um það. Þetta eru allt spurningar sem þarf að svara áður en ráðist yrði í verkefnið.

Eins og áður segir er þetta aðeins hugmynd sem stendur en stjórn Ísfirðingafélagsins fer þess á leit við ykkar hvort þið sem sérfræðingar og fulltrúar safna Ísafjarðarbæjar séuð tilbúin til að leggja mat á hvort húsið sé í raun ákjósanlegt undir skíðasafn?

Virðingarfyllt  
f.h. Ísfirðingafélagsins  
Guðmundur Friðrik Jóhannsson

844-2794